

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við  
setningu öryggisþings HÍ. Flutt í Hátíðasal þriðjudaginn 2. nóvember  
2021 kl. 13.00**

Sóttvarnarlæknir, góðir gestir.

Það er mér ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessa öryggisþings Háskóla Íslands sem haldið er að frumkvæði öryggisnefndar skólans. Óhætt er að segja að öryggismál hafi verið ofarlega í huga okkar allra undanfarin tæp tvö ár á meðan skæður veirufaraldur hefur geysað um heimsbyggðina og við höfum fylgst nær daglega með sóttvarnarreglum, samkomutakmörkunum, smittölum, sjúkrahúsinnlögnum og jafnvel dánartölum.

Þegar horft er um öxl var það í senn mikið lán og framsýni að skömmu áður en faraldurinn braust út, í ársbyrjun 2020, hafði Háskóli Íslands nýlokið við að útfæra vandlega viðbragðsáætlun. Þetta reyndist mikils virði þegar faraldurinn skall á með fullum þunga og öll kennsla við Háskóla Íslands var færð í rafrænt form nánast yfir nóttu. Framhaldið þekkjum við öll og getum við sagt með nokkru stolti að viðbrögð Háskóla Íslands við faraldrinum hafi á heildina litið verið árangursrík.

Heimsafaraldurinn er raunar ekki eina álagsprófið sem Háskóli Íslands varð fyrir heldur var öryggi skólans einnig ógnað með öðrum hætti í upphafi þessa árs þegar stór vatnsæð við Suðurgötu gaf sig að nóttu til og gríðarlegt vatnsmagn ruddi sér leið inn í byggingar skólans.

Þessi tvö dæmi sýna að öryggismál eru afar víðfeðmur málaflokkur og að öryggi getur verið ógnað með margvíslegum hætti. Á sama hátt er öryggisáætlun ekki gerð í eitt skipti fyrir öll heldur þarf sífellt að yfirvega hana í ljósi aðstæðna. Og nú er tími til að horfa fram á við og taka fleiri skref í átt að betri öryggismenningu innan Háskóla Íslands. Liður í því er fræðsluáætlun öryggisnefndar skólans þar sem starfsfólki stendur til boða fræðsla um öryggis- og vinnuverndarmál, s.s. skyndihjálp, eldvarnir og öryggi á rannsóknastofum. Einnig hefur reynslan kennt okkur að samræma þarf öryggis- og vinnuverndarmál í öllum byggingum skólans, s.s. fræðslu, búnað og merkingar. Loks þurfum við að halda áfram að styrkja innra starf og innra eftirlit með öryggismálum og öryggisbúnaði. Allt eru þetta mikilvæg verkefni sem krefjast samstarfs og samstöðu fræðasviða, miðlægrar stjórnarsýslu og öryggisnefndar Háskóla Íslands og þjóna þeim tilgangi að gera öruggan háskóla enn öruggari.

Góðir gestir. Við eigum spennandi dagskrá í vændum og ætla ég því ekki að lengja mál mitt frekar heldur segi þetta öryggisþing sett.

Takk fyrir.